

Reykjavík 10. maí 2023

Nefndasvið skrifstofu Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um frumvarpi_ til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu, þskj. 1492, mál nr. 956

Formaður leggur fram fyrir hönd Kennarasambands Íslands (KÍ) eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu.

Almennt um þjónustustofnun á sviði menntamála

Formaður hefur kynnt sér meðfylgjandi frumvarp auk þess að hafa setið í undirbúningshópi vegna stofnunar nýrrar þjónustustofnunar á sviði menntamála. Á síðustu árum hefur verið umræða um Menntamálastofnunar, tilgang hennar og hlutverk. Nýrri stofnun er ætlað að koma til móts við þá umræðu auk þess að sníða verkefni hennar betur að því að styðja við gæði náms og bæta ólíka þætti í umgjörð skólastarfs. Vísað er í fyrri umsögn KÍ sem lögð var inn í Samráðsgátt en formaður vill í ljósi vinnu sem unnin hefur verið frá þeim tíma benda sérstaklega á þrjú atriði sem að vert er að skoða enn betur.

2. gr.

Í 2. grein frumvarpsins er farið yfir markmið með starfsemi stofnunarinnar. Í 4. tölulið er vísað í að stofnunin eigi að „vera faglegt forystuafli og bakhjarl og styðja við notkun viðurkenndra aðferða í skóla- og frístundastarfi og skólaþjónustu“. Hér verður sérstaklega að benda á að skólar verða að hafa ákveðið frelsi til að velja kennsluaðferðir, miðstýring þess eykur ekki endilega gæði skólastarfs og ekki á undir neinum kringumstæðum stofnun að hafa það vald að geta valið hvaða aðferðir verða notaðar eða eru æskilegar. Á sama hátt er spurning hvað átt er við með „viðurkenndar“ aðferðir enda orð sem gefur kost á opnum skilningi sem gæti þá vísað til viðurkenningar stofnunarinnar. Í umræðum um menntun hefur orðið „gagnreyndar“ verið notað yfir kennsluaðferðir sem hafa öðlast almenna viðurkenningu, var mögulega verið að horfa til þess orðs hér?

5. gr.

Í 5. grein er farið yfir verkefni stofnunarinnar. Sérstaklega er bent á það hve núverandi staða er ólík, þar sem flest sveitarfélög reka skólaþjónustu fyrir sína leik- og grunnskóla, sum eru í bandalagi um

rekstur slíkrar þjónustu og svo eru einhver sem einfaldlega gera það ekki eða leita lausna hjá ólíkum einkaaðilum. Skólaþjónusta í framhaldsskóla er alfarið á herðum hvers skóla. Mjög mikilvægt er að skýr sameiginleg sýn ríki á öllum skólastigum um hvað skólaþjónusta á að vera, hver sé ábyrgur fyrir rekstri þeirra/hennar? og að það sé algert skilyrði að allir nemendur á öllum skólastigum fái skólaþjónustu. Þegar kemur að rannsóknum þarf að horfa til þess/er mikilvægt að háskólar eigi aðkomu að þeim þar sem að þeir hafa sérþekkingu til að sinna því verkefni. Í greininni er rætt um að stofnunin styðji við einstaklinga, það er ansi stórt skref, hennar hlutverk ætti að vera að tryggja umrædda þjónustu en ekki að vera einstaklingsþjónusta.

Að auki:

Frá því umsögn KÍ var lögð í samráðsgátt hefur töluverð umræða farið fram á meðal stjórnar KÍ, aðildarfélagi og í samskiptum við félagsmenn um hlutverk og starfsemi nýrrar stofnunar. Eins og áður segir eru talin góð teikn vera á lofti þegar kemur að nýrri stofnun og ljóst að henni er ætlað að bæta skólaþjónustu á Íslandi. Það er þó mat KÍ að mjög mikilvægt sé að sýnilegt eignarhald á stofnuninni verði víðtækt, þ.e. að raddir hagaðila komi að stofnuninni með reglulegum hætti, í raun með sama hætti og verið hefur í undirbúningsvinnu fyrir þá lagagerð sem vísað er í hér og regluleg samtöl um ólíka þætti starfsemi stofnunarinnar sem farið hafa fram síðustu vikur og mánuði.


Þeirri stofnun sem þjónustustofnun þessi tekur við af, Menntamálastofnun, var ætlað að hafa stýrihóp að baki sér en stuðningurinn og aðhaldið sem honum var ætlað að veita var því miður? aldrei sýnilegt og í raun má segja að það hafi mögulega orðið til þess að rýra traust milli MMS/stofnunarinnar og skólasamfélagsins.

Af því verður að læra. Því leggur undirritaður til að inn í lögin verði rituð grein sem tiltekur stýrihóp með aðkomu lykilaðila í íslensku skólasamfélagi til að styðja við nýja stofnun í því þróunarferli sem framundan er og tryggi því að raddir hagsmunaaðila verði hluti af því ferli. Þar að sjálfsgöðu telur KÍ sig eiga að eiga fulltrúa, einn eða fleiri.

Stjórn KÍ vill sérstaklega benda á þær umsagnir sem hún sendi inn í samráðsgátt um málið á fyrri stigum auk umsagna stjórnar aðildarfélagi sambandsins.

Undirritaður er reiðubúinn, og í raun óskar eftir, að koma á fund Allsherjar- og menntamálanefndar til að reifa enn frekar málið áður en kemur til endanlegrar afgreiðslu málsins frá Alþingi.

Virðingarfyllst,



Magnús Þór Jónsson - formaður KÍ